

9.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn þriðjudaginn 10.október 2023 kl. 14:00. Vegna óveðurs og ófærðar er fundurinn haldinn í fjarfundi.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fosdal Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti óskaði eftir að tekin yrðu til umræðu tvö atriði sem komu til eftir að fundarboð var sent út. Var það samþykkt og verða þau mál nr. 10 og 11.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

Stóru verkefnin;

1. Ljósleiðaralögn og þrifösun, staða á verkefninu.
2. Norðurfjarðarhöfn, staðan.

Mál í vinnslu;

1. Þingsályktunartillaga um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp, skrifa umsögn.
2. Þingsályktunartillaga um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, lögð fram til kynningar.
3. Bréf frá Innviðaráðuneyti varðandi sameiningaviðræður sveitarfélaga.
4. Bréf frá Innviðaráðuneyti um nýtt ákvæði við sveitarstjórnarlög, lagt fram til kynningar.
5. Bréf frá Innviðaráðuneyti til sveitarfélaga um innviði fyrir orkuskipti.
6. Bréf frá Orkubúi varðandi götulýsingarkerfi sveitarfélaga, lagt fram til kynningar og umræðu.
7. Sorpsamlag Strandasýslu, sagt frá fundum sem voru 2.október og 4.október.
8. Fjórðungsþing Vestfirðinga, yfirlit yfir mál sem tekin voru fyrir.
9. Undirbúningur fyrir fund með Vegagerðinni 11.október n.k.

Stóru verkefnin:

1. Ljósleiðaralögn og þrifösun, staða á verkefninu. Verkið gengur vel þrátt fyrir versnandi veður. Vantar brunn á milli Ávíkurbæjanna, athhuga þarf lögn í læknum á Melum. Taka á inn í félagsheimilið á framanverðu húsini. Lögð er þung áhersla á það að lokið verði við það sem ekki tókst að klára síðasta haust.
2. Norðurfjarðarhöfn, staðan. Arinbjörn fór yfir málin, Tíður ehf hefur að mestu leiti lokið sínu verkefni en á eftir að koma einu sinni enn. Unnið er að smíði grindverks á göngupallana. Vonast er eftir að hellulögn fari í gang fljótlega. Oddviti hefur tekið saman hve marga reikninga búið er að borga og svo verður talað við Framkvæmdasjóð ferðmannastaða.

Ø.S.
SB
B
DN

Mál í vinnslu;

1. Þingsályktunartillaga um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp. Hreppsnefnd ákvað samhljóma að senda eftirfarandi umsögn í samráðsgátt Alþingis. "Hreppsnefnd Árneshrepps lýsir yfir mikilli ánægju með þá ákvörðun meirihluta þingmanna NV-kjördæmis að standa saman að þingsályktun um heilsársveg í Árneshrepp. Endurnýjun á veginum yfir Veiðileysuháls er löngu orðin tímabær og hefur lengi verið á dagskrá, en alltaf verið tekin út af samgönguáætlun. Þegar svo nálægt er komið framkvæmdum sem nú er raunin, er höggið sínu verra og því mikil vonbrigði fyrir íbúa sveitarfélagsins ef verkefninu verðu enn einu slegið á frest".
2. Þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga, lögð fram til kynningar.
3. Bréf frá Innviðaráðuneyti varðandi sameiningarviðræður sveitarfélaga. Oddvita falið að gera uppkast af bréfi í samráði við hreppsnefnd.
4. Bréf frá Innviðaráðuneytinu um nýtt ákvæði við sveitarstjórnarlög, lagt fram til kynningar.
5. Bréf frá Innviðaráðuneytinu til sveitarfélaga um innviði fyrir orkuskipti. Rætt stuttlega um horfur í orkuskipum og væntalegar hraðhleðslustöðvar.
6. Bréf frá Orkubúi varðandi götulýsingarkerfi sveitarfélaga, lagt fram til kynningar og umræðu.
7. Sorpsamlag Strandasýslu, sagt frá fundum sem voru 2.október og 4.október. Farið var yfir fundina og rætt hve mikið þjónustan á að kosta. Hreppsnefnd finnst vel í lagt að vera búin að greiða á 9. milljón króna á þessu ári. Það þarf að leita leiða til að minnka kostnað og þá þarf að byrja á því að flokka rétt. Stefnt er að því að öll mál varðandi flokkun og viðtöku á nýjum gánum fari fram í vor.
8. Fjórðungsþing Vestfirðinga, yfirlit yfir mál sem tekin voru fyrir.
9. Undirbúnингur fyrir fund með Vegagerðinni 11.október n.k. Hreppsnefnd vill fyrst og fremst að hraða skuli lagningu heilsársvegar inn í og norður Árneshrepp; þ.e.a.s. Veiðileysuháls – Naustvíkurskörð og snjómokstursreglur fyrir komandi vetur.
10. Reykskynjarar og fleira varðandi eldvarnir. Fyrirliggjandi er tilboð vegna kaupa á reykskynjurum, viðvörunarkerfi. Delphine og Úlfar munu halda áfram með verkefnið og sjá um pöntun á reykskynjurunum.
11. Kaffi Norðurfjörður, leigusamningur um reksturinn er runninn út. Af því tilefni þykir rétt að endurskoða samningsformið og auglýsa reksturinn fyrir næsta ár.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30

Gva Sigurbjörnsdóttir
 Delphine Bröður
 Bjarnheiður J. Fossdal
 Úlfar Ógveldsson